

Fyrri Pétursbréf og siðfræðileg arfleifð Páls í Róm

Inngangur: Fyrri Pétursbréf

Fyrri Pétursbréf (1Pét) er jafnan flokkað sem eitt af „almennu bréfunum“ í ritsafni Nýja testamentisins (N.t.).¹ Bréfið var að öllum líkindum skrifað á tímabilinu 70–95 e.Kr.,² þ.e.a.s. á keisarátíma flavísku ættarinnar og eftir eyðingu hins gyðinglega musteris í Jerúsalem árið 70 e.Kr. Nánari tímasetningu er erfitt að ákvarða, en síðari hluti þessa tímabils má þó teljast líklegri en fyrri hluti þess.³ Bréfið er stílað á nokkra kristna⁴ söfnuði sem eru dreifðir um Litlu-Asíu.⁵ Fólkið sem höfundur ávarpar er fólk af „heiðnum“ uppruna (þ.e. ekki gyðinglegum), líkt og sjá má í 1.14, 18; 2.10; 4.3–4. Höfundurinn kynnir sig sem „Pétur“ og kveðst vera „postuli Jesú Krists“ (1.1). Í lok ritsins nefnir hann enn fremur að hann sé „öldungur“ sem hafi orðið „vitni að þjáningum Krists“ (5.1). Hann kveðst m.ö.o. vera Pétur (Kefas), lærisveinn og postuli Jesú. Það fær varla staðist. Bréfið er án efa „psevdepígrafískt“, þ.e.a.s. skrifað undir fölsku höfundarnafni, og við vitum lítið um raunverulegan höfund umfram þau spor sem hann hefur skilið eftir sig í textanum. Almennt má segja að bréfið hafi að öllum líkindum verið samið af höfundi sem notið hefur talsverðrar menntunar á mælikvarða fornaldar⁶ og að hann hafi haft góða þekkingu á Septuagintu (LXX),⁷ þ.e.a.s. hinni grísku þýðingu hebresku biblíunnar („Gamla

¹ Önnur „almenn bréf“ í N.t. eru Jak, 2Pét, 1–3 Jóh og Júd. Heb, sem í fornöld var stundum (ranglega) talið ritað af Páli postula, er oft flokkað meðal „almennra bréfa“. Þetta eru m.ö.o. þau bréf sem ekki eru (eða hafa ekki verið) eignuð Páli postula (Páll skrifaði a.m.k. sjö þeirra bréfa sem eru eignuð honum). Heitið „almenn bréf“ vísar til þess skilnings að efni þeirra sé almenns eðlis (fremur en ritað inn í tiltekna sögulega kringumstæður og ákvarðað af þeim). Þetta fær ekki alltaf staðist og því getur heitið verið villandi. Á ensku er gjarnan talað um þessi bréf sem *catholic letters/epistles* („catholic“ = almenn), en það heiti getur einnig valdið misskilningi. Bréfin eru ekkert „kaþólskari“ en önnur bréf N.t.

² Flestir fræðimenn virðast telja 1Pét ritað á þessu tímabili; sjá: Mark Dubis, „Research on 1 Peter: A Survey of Scholarly Literature Since 1985“, *Currents in Biblical Research* 4/2006, bls. 199–239, hér 200–204. Sjá einnig gagnlegt yfirlit í: Travis B. Williams og David G. Horrell, *A Critical and Exegetical Commentary on 1 Peter*, ICC, 1. bindi, London: T&T Clark, 2023, bls. 100–115.

³ Ef það er rétt sem rómverski sagnaritarinn Tacitus segir okkur (*Ann.* 15.44), að Neró keisari hafi ofsótt fylgjendur Krists (*Christiani*) í Róm árið 64 e.Kr., verður að teljast ólíklegt að einungis fáeinum árum síðar hafi höfundur 1Pét hvatt kristna lesendur sína til að „virða keisarann“ (2.17; sbr. hvatningar í v. 13–15). Neró var vissulega ekki af flavísku ættinni en hann var engu að síður keisari Rómaveldis.

⁴ 1Pét er annað af tveimur ritum N.t. þar sem orðið „kristinn“ (χριστιανός, 4.16) er notað; sbr. einnig Post 11.26; 26.28.

⁵ Bréfið er ritað til „[hinna] útvöldu sem lifa sem útlendingar dreifðir meðal þjóðanna í Pontus, Galatíu, Kappadókiu, Asíu og Bítýnía“ (ἐκλεκτοῖς παρεπιδήμοις διασπορᾶς Πόντου, Γαλατίας, Καππαδοκίας, Ἀσίας καὶ Βιθυνίας, 1.1; þýð. B2007).

⁶ Sjá umfjöllun í: Paul J. Achtemeier, *1 Peter*, Hermeneia, Minneapolis: Fortress Press, 1996, bls. 2–6, ásamt frekari tilvísunum. Yfirlit yfir rannsóknarsögu menntunar í fornöld má finna í: Sigurvin Lárus Jónsson, *James among the Classicists: Reading the Letter of James in Light of Ancient Literary Criticism*, SNT 8, Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht, 2021, bls. 195–210.

⁷ Um notkun 1Pét á LXX, sjá: Jostein Ådna, „Alttestamentliche Zitate im 1. Petrusbrief“, *Von der Septuaginta zum Neuen Testament: Textgeschichtliche Erörterungen*, ritstj. Martin Karrer o.fl., ANTF 43, Berlín: De Gruyter, 2011, bls. 229–248.

testamentisins“). Tilgangur höfundar með því að kynna sig sem Pétur, postula Krists, er væntanlega sá að gefa innihaldi bréfsins aukið kennivald.⁸ Þetta var þekkt aðferð til forna.⁹

Flestir sérfræðingar telja að Fyrri Pétursbréf hafi verið ritað í borginni Róm. Sú staðsetning kemur ekki beinlínis fram í bréfinu. Eina vísbendingin sem kemur fram um ritunarstað er kveðja höfundar í lok bréfsins: „Systursöfnuður ykkar í Babýlon heilsar ykkur, sem og Markús, sonur minn“ (5.13).¹⁰ Það er afar ósennilegt að hér sé átt við raunverulegan stað sem borið hefur heitið Babýlon¹¹ og því þykir líklegast að höfundur sé að nota heitið í táknrænni og fremur neikvæðri merkingu og þá um stórborgina Róm.¹² Slíkt má sjá víða í gyðinglegum og kristnum ritum eftir árið 70 e.Kr.,¹³ þ.e.a.s. í kjölfar sigurs Rómverja í stríði þeirra gegn gyðingum sem leiddi til eyðingar musterisins í Jerúsalem.

Í lok Fyrri Pétursbréfs (5.12) lýsir höfundur megintilgangi þessa „stutta“ bréfs sem hann hefur skrifað (δὲ ὀλίγων ἔγραψα). Að hans sögn hefur tilgangurinn verið að hvetja (παρακαλῶν) viðtakendurna og vitna (ἐπιμαρτυρῶν) um þá „sönnu náð Guðs“ sem þeir skyldu standa stöðugir í. Þessi lýsing er í góðu samræmi við efni bréfsins sem inniheldur mikið magn af slíkum hvatningum. Það má jafnvel lýsa bréfinu í heild sem hvatningarbréfi (e. *parenetic letter*) hvað tilgang og virkni varðar.¹⁴ Líkt og í mörgum slíkum bréfum er siðfræði¹⁵ miðlæg í Fyrri Pétursbréfi. Siðferðilegar hvatningar bréfsins eru nokkuð almenns eðlis,¹⁶ enda er þeim beint að mörgum söfnuðum á ólíkum stöðum í

⁸ Sjá nánari umfjöllun í: Williams og Horrell, *1 Peter*, 1. bindi, bls. 163–172.

⁹ Þessi aðferð var þó ekki endilega samþykkt. Almenna umfjöllun um „pseudepígrafísk“ rit í tengslum við ritsafn Nýja testamentisins má finna í: David G. Meade, *Pseudonymity and Canon: An Investigation into the Relationship of Authorship and Authority in Jewish and Earliest Christian Tradition*, WUNT 39, Tübingen: Mohr, 1986; Armin D. Baum, *Pseudepigraphie und literarische Fälschung im frühen Christentum: Mit ausgewählten Quellentexten samt deutscher Übersetzung*, WUNT 2.138, Tübingen: Mohr Siebeck, 2001; Bart D. Ehrman, *Forgery and Counterforgery: The Use of Literary Deceit in Early Christian Polemics*, Oxford: Oxford University Press, 2013.

¹⁰ 1Pét 5.13: ἀσπάζεται ὑμᾶς ἡ ἐν Βαβυλῶνι συνεκλεκτὴ καὶ Μάρκος ὁ υἱὸς μου. (Orðið συνεκλεκτὴ þýðir eiginlega orðrétt: „útvalin ásamt [x]“.)

¹¹ Sjá umfjöllun í: Williams og Horrell, *1 Peter*, 1. bindi, bls. 190–192.

¹² Sjá t.d.: Leonhard Goppelt, *Der Erste Petrusbrief*, KEK 12, Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht, 1978, bls. 66; Achtemeier, *1 Peter*, bls. 63–64; John H. Elliott, *1 Peter: A New Translation with Introduction and Commentary*, AB 37B, New York: Doubleday, 2000, bls. 131–134; David G. Horrell, „The Product of a Petrine Circle? A Reassessment of the Origin and Character of 1 Peter“, *Journal for the Study of the New Testament* 86/2002, bls. 29–60, hér 31; Williams og Horrell, *1 Peter*, 1. bindi, bls. 112–114, 189–197.

¹³ Sjá 2Bar 11.1; 67.7; 77.12, 17, 19; 79.1; 80.4; 4Esr 3.1–5.20; 10.19–48; 11.1–12.51; 15.43–63; 16.1–34; Sib.Or. 3.63–74, 303–313; 5.137–178; Opb 14.8; 16.19; 17.5; 18.2, 10, 21. Sjá frekari umfjöllun í: Claus-Hunno Hunzinger, „Babylon als Deckname für Rom und die Datierung des 1. Petrusbriefes“, *Gottes Wort und Gottes Land: Hans-Wilhelm Hertzberg zum 70. Geburtstag am 16. Januar 1965 dargebracht von Kollegen, Freunden und Schülern*, ritstj. Henning G. Reventlow, Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht, 1965, bls. 67–77; Michael Durst, „Babylon gleich Rom in der jüdischen Apokalyptik und im frühen Christentum: Zur Auslegung von 1 Petr 5,13“, *Petrus und Paulus in Rom: Eine interdisziplinäre Debatte*, ritstj. Stefan Heid, Freiburg: Herder, 2011, bls. 422–443.

¹⁴ Sbr. Stanley K. Stowers, *Letter Writing in Greco-Roman Antiquity*, LEC 5, Philadelphia: Westminster, 1986, bls. 96–97; David E. Aune, *The New Testament in Its Literary Environment*, LEC 8, Philadelphia: Westminster, 1987, bls. 221–222; Troy W. Martin, *Metaphor and Composition in 1 Peter*, SBLDS 131, Atlanta: Scholars Press, 1992, bls. 85–103; Karl Olav Sandnes, „Revised Conventions in Early Christian Paraenesis: „Working Good“ in 1 Peter as an Example“, *Early Christian Paraenesis in Context*, ritstj. James Starr og Troels Engberg-Pedersen, BZNW 125, Berlin: de Gruyter, 2004, bls. 374–81; sbr. Elliott, *1 Peter*, bls. 11–12. Þess má geta að téð enskt orðasamband er stundum stafsett *parenetic letter/epistle*.

¹⁵ Tekið skal fram að með orðinu „siðfræði“ er ekki átt við e.k. heildstætt siðfræðilegt kerfi (sbr. *ethics* á ensku) þegar fjallað er um 1Pét í greininni. Höfundur 1Pét setur hvorki fram né rökræðir slíkt kerfi (í líkingu við ýmsa grísk-rómverska heimspekinga), enda gerir enginn höfundur í N.t. það.

¹⁶ Mögulegar undantekningar á því má m.a. finna í 1.6; 4.12.

Litlu-Asíu. Óhætt er að álykta að siðfræðilegar forsendur þessara hvatninga endurspegli að verulegu leyti forsendur höfundar í Róm.

Tilgangur þessarar greinar er að kanna nánar siðfræðilegar áherslur og forsendur Fyrra Pétursbréfs. Annars vegar er spurt hverjar megináherslurnar eru í þessu tilliti og hins vegar er spurt úr hvaða hugmyndafræðilega jarðvegi þær kunna einkum að hafa spröttið. Með þetta að leiðarljósi er fyrst gefið almennt yfirlit yfir siðfræðilegar áherslur í Fyrra Pétursbréfi, sem er fylgt eftir af umfjöllun um víðara félagslegt samhengi þessara áherslna, og að því loknu er kastljósinu beint að mögulegum heimildum höfundar og helstu fordæmum í þessum efnum.

Allar þýðingar á fornum textum eru mínar eigin, nema annað sé tekið fram.¹⁷

Siðfræðilegar áherslur Fyrra Pétursbréfs: Kærleikur (ἀγάπη) sem megingyð

Í kjölfar inngangs í 1.3–12 snýr höfundur sér að almennum hvatningum, bæði trúarlegum og siðferðilegum, enda helst þetta tvennt jafnan í hendur. Hann hvetur lesendur sína til að hlýðnast líkt og börn og láta af (μὴ συσχηματίζομενοι) þeim girndum (ἐπιθυμίαις) sem einkenndu líf þeirra áður fyrr (1.14), þ.e.a.s. þegar þeir voru heiðingjar sem vissu ekki betur. Þess í stað, segir höfundur, ættu lesendurnir að haga lífernir (ἀναστροφῇ)¹⁸ sínu í samræmi við það sem telst heilagt í augum Guðs sem dæmir sérhverja manneskju án manngreinarálits (ἀπροσωπολήπτως) eftir gjörðum hennar (κατὰ τὸ ἐκάστου ἔργον) (v. 15–17).¹⁹ Í 1.22–23 setur höfundur síðan fram boðskap sinn um gagnkvæman kærleik í söfnuðunum:

Þar sem þið hafið hreinsað sálir ykkar í hlýðni við sannleikann til að öðlast falslausan bróðurkærleik (φιλαδελφίαν ἀνυπόκριτον), sýnið hvert öðru kærleik (ἀλλήλους ἀγαπήσατε) af einlægni og hreinu hjarta, hafandi endurfæðst (ἀναγεγεννημένοι), ekki af dauðlegu sæði heldur ódauðlegu í krafti lifandi orðs Guðs sem varir.

Höfundur lýsir því, með öðrum orðum, yfir að „hreinsun sálarinnar“ (sem er afrakstur „endurfæðingarinnar“)²⁰ leiði það af sér að fólk (af heiðnum uppruna) sé (loks) fært um að hegða sér eins og vera ber hvert gagnvart öðru. Þetta gerist „í hlýðni við sannleikann“ sem væntanlega merkir að rétt breytni hvíli á sannri kenningu (sbr. 1.10–12). Textinn gefur einnig til kynna að viðtakendurn-

¹⁷ Gríska textaútgáfan sem liggur til grundvallar er Nestle-Aland, *Novum Testamentum Graece*, ritstj. Barbara Aland o.fl., 28. útg., Stuttgart: Deutsche Bibelgesellschaft, 2012. Útgáfa Septuagintu (LXX) er *Septuaginta*, ritstj. Alfred Rahlfs, 2. útg., Stuttgart: Deutsche Bibelgesellschaft, 1979. Útgáfa hebresku biblíunnar (MT = Massoretatexti) er *Biblia Hebraica Stuttgartensia*, ritstj. K. Elliger og W. Rudolph, 5. útg., Stuttgart: Deutsche Bibelgesellschaft, 1997. Orðabækur sem vísað er í eru eftirfarandi: (BDAG) Frederick W. Danker, Walter Bauer, William F. Arndt og F. Wilbur Gingrich, *Greek-English Lexicon of the New Testament and Other Early Christian Literature*, 3. útg., Chicago: University of Chicago Press, 2000; (LSJ) H.G. Liddell, R. Scott og H.S. Jones, *A Greek-English Lexicon*, 9. útg., Oxford: Clarendon Press, 1996. (Í tilvísunum til orðabóka stendur skammstöfunin u.o. fyrir „undir orðinu“.) Þýðingar sem vísað er í eru: (B2007) *Biblían: Heilög ritning*, Hið íslenska biblíufélag, 2007; (NIV) *New International Version*, Biblica, 2011; (NRSVUE) *New Revised Standard Version Updated Edition*, National Council of the Churches of Christ in the USA, 2021.

¹⁸ Þess má geta að orðið ἀναστροφή („lífirni“, „hegðun“, „breytni“) er í nokkru eftirlæti hjá höfundi (1.15, 18; 2.12; 3.1, 2, 16); það er notað sex sinnum í 1Pét, en einungis sjö sinnum annars staðar í N.t.

¹⁹ Sbr. Róm 2.6, 11.

²⁰ Sbr. ἀναγεγεννημένοι sem vísar til ἀναγεννήσας í 1.3 (Guð „hefur endurfætt okkur“). Þessi „endurfæðing“ virðist að miklu leyti fela í sér siðferðilegan umsnúning að mati höfundar, sbr. t.d. ummæli í 1.14, 17–18; 2.1–2; 3.9, 21; 4.3–4.

ir í Litlu-Asíu hafi nú þegar „hreinsað sálir“ sínar,²¹ en að höfundur telji það engu að síður mikilvægt að áréttta siðaboðin um gagnkvæman kærleik.²²

Meginhugtökin í ofangreindum texta eru nafnorðið φιλαδελφία („bróður-kærleikur“) og sögnin ἀγάπη („sýna kærleik“, „elska“). Fyrri hugtakið kemur aftur fyrir í 3.8 sem lýsingarorð (φιλάδελφοι), en það er síðara hugtakið, nátengt hinu fyrri, sem er miðlægt í siðfræði Fyrri Pétursbréfs. Hvatningin um að sýna (gagnkvæman) kærleik (ἀγάπη) gengur líkt og rauður þráður í gegnum bréfið í heild. Bréfitarinn mikli, Páll postuli, lýkur bréfum sínum stundum með hvatningu um gagnkvæma kveðju „í heilögum kossi“ (Róm 16.16; 1Kor 16.20; 2Kor 13.12; sbr. 1Þess 5.26), en höfundur Fyrri Pétursbréfs lýkur bréfi sínu með slíkri hvatningu „í kærleikans kossi“ (5.14).²³ Þessi sterka áhersla „Péturs“ á dygðina ἀγάπη kemur síður en svo á óvart þar sem hún er í fullu samræmi við miðlægt hlutverk hennar í frumkristnum ritum²⁴ og siðfræði yfirleitt.²⁵ Andstætt því sem oft er haldið fram eða einfaldlega gengið út frá (í kristnu nútíma-samhengi), var kærleikur sem dygð síður en svo einskorðaður við kristna (eða gyðinglega) siðfræði. Stóumenn lögðu til að mynda mikla áherslu á kærleik sem dygð, sérstaklega samtímamenn Nýja testamentisins, Seneca hinn yngri (d. 65 e.Kr.) og Epíktetos (d. um 135 e.Kr.).²⁶ Munurinn liggur einkum í mismunandi hugtökum sem þessir höfundar notuðu — latneska hugtakinu *amor* í tilfelli Seneca og φίλια í tilfelli Epíktetosar — en merkingarmunur *amor*, φίλια og ἀγάπη er vart teljandi.²⁷ Enda nota höfundar í frumkristni hugtakið φίλια í ýmsum samsetningum þessu tengdum, t.d. í orðinu φιλαδελφία.²⁸ Það er vissulega svo

²¹ Þetta felst í notkun höfundar á núliðinni tíð (*perfectum*), ἡγνικότες.

²² Þetta er í samræmi við einkenni fornra texta sem innihalda hvatningar af þessu tagi (e. *parenthesis/paraenesis*), sbr. Martin, *Metaphor*, bls. 115: „[P]araenesis is more of a reminder of what one ought or ought not to do than an introduction to new rules of conduct.“ Sjá einnig: Aune, *New Testament*, bls. 191.

²³ Sbr. Birger Olsson, *Första Petrusbrevet*, KNT 17, Stokkhólmi: EFS, 1982, bls. 62–63.

²⁴ Í N.t. (utan 1Pét), sjá t.d. Matt 5.43–46; 22.39; Mrk 12.31; Lúk 6.27–35; 10.27; Jóh 13.34–35; 15.12–17; Róm 13.8–10; 1Kor 13; Gal 5.13–14; Ef 4.2; 1Þess 3.12; 4.9–10; 2Þess 1.3; Jak 2.8; 1Jóh 2.10; 3.10–18, 23; 4.7–21; 2Jóh 5–6. Fimm af þessum höfundum (Páll, Markús, Matteus, Jakob og Lúkas) vitna í 3Mós 19.18 í þessu sambandi. Dæmi í öðrum kristnum frá 1.–2. öld má finna í 1Klem 49–50; 2Klem 13.4; Ignatíus, *Trall.* 8.

²⁵ Almenna umfjöllun um ἀγάπη í frumkristnum ritum má t.d. sjá í: Ceslas Spicq, *Agape dans le nouveau testament* 3, París: Gabalda, 1958–1959; Robert Joly, *Le vocabulaire chrétien de l'amour, est-il original?* Brussel: Presses Universitaires de Bruxelles, 1968; Victor P. Furnish, *The Love Command in the New Testament*, Nashville: Abingdon, 1972; Marius Reiser, „Love of Enemies in the Context of Antiquity“, *New Testament Studies* 47/2001, bls. 411–427; Oda Wischmeyer, *Liebe als Agape: Das frühchristliche Konzept und der moderne Diskurs*, Tübingen: Mohr Siebeck, 2015 (í enskri þýðingu: *Love as Agape: The Early Christian Concept and Modern Discourse*, þýð. Wayne Coppins, Waco: Baylor University Press, 2021).

²⁶ Sjá umfjöllun í: Runar M. Thorsteinsson, *Roman Christianity and Roman Stoicism: A Comparative Study of Ancient Morality*, Oxford: Oxford University Press, 2010, bls. 156–166, og víðar. Sjá enn fremur dæmi, bæði gyðingleg og grísk-rómversk, í: Walter T. Wilson, *Love without Pretense: Rom 12.9–21 and Hellenistic-Jewish Wisdom Literature*, WUNT 2.46, Tübingen: Mohr (Siebeck), 1991, bls. 187–189 með nmgr.; Gordon M. Zerbe, *Non-Retaliation in Early Jewish and New Testament Texts: Ethical Themes in Social Contexts*, JSPSup 13, Sheffield: JSOT Press, 1993; Thomas Söding, *Das Liebesgebot bei Paulus: Die Mahnung zur Agape im Rahmen der paulinischen Ethik*, NTAbh 26, Münster: Aschendorff, 1995, bls. 80–82.

²⁷ Sjá t.d.: David Konstan, *Friendship in the Classical World*, Key Themes in Ancient History, Cambridge: Cambridge University Press, 1997, bls. 122; Thorsteinsson, *Roman Christianity*, bls. 158–161. Orðið φίλια er hefðbundið orð yfir vináttu í forngrískum textum, en tengslin á milli „vináttu“ og „kærleiks“ eru harla nán í þessum heimildum, líkt og John T. Fitzgerald útskýrir: „In both Greek and Latin, the words for love and friendship are cognates, and love is often seen as the fount of friendship. Cicero, for instance, says that „it is love [*amor*], from which the word „friendship“ [*amicitia*] is derived, that leads to the establishing of goodwill“ (*Amic.* 8.26)“ („Paul and Friendship“, *Paul in the Greco-Roman World: A Handbook*, ritstj. J. Paul Sampley, Harrisburg: Trinity Press, 2003, bls. 319–343, hér 338). Sbr. einnig Cicero, *Amic.* 27.100; *Nat. d.* 1.44.122.

²⁸ 1Þess 4.9; Róm 12.10; 1Pét 1.22; 3.8; Heb 13.1; 2Pét 1.7 (x2); 1Klem 47.5; 48.1. Sbr. einnig t.d. φιλόστοργος (Róm 12.10), φιλοξενία (Róm 12.13; Heb 13.2; 1Klem 1.2; 10.7; 11.1; 12.1; Hermas, *Mand.* 38.10), φιλόξενος (1Tím 3.2; Tít 1.8; 1Pét 4.9; 1Klem 12.3; Hermas, *Mand.* 38.10; *Sim.* 104.2), φιλανθρωπία (Post 28.2; Tít 3.4),

að nafnorðið *ἀγάπη* er ekki algengt í öðrum forngrískum heimildum en gyðinglegum og kristnum.²⁹ Samstofna sögnin *ἀγαπάω* kemur hins vegar víða fyrir í þessum heimildum,³⁰ þ.e.a.s. í merkingunni „að elska“ eða „sýna kærleik“, og fræðimenn eru í auknum mæli farnir að færa rök fyrir því hugtökin *φιλία* og *ἀγάπη* séu meira og minna samheiti í forngrískum textum.³¹ Eitt merki um þetta er einmitt að finna hjá Páli postula sem, ásamt höfundu Fyrsta Jóhannesarbréfs, notar hugtakið *ἀγάπη* mest allra höfunda í Nýja testamentinu. Í lok Fyrra Korintubrúfs skrifar postulinn: „Ef einhver elskar ekki Herrann, sé hann bölvandur!“ (16.22). Hér notar Páll ekki sögnina *ἀγαπάω*, heldur *φιλέω*. Merkingarmunur er enginn í þessu samhengi.

Að því sögðu er rétt að nefna að kristnir höfundar virðast snemma hafa tileinkað sér nafnorðið *ἀγάπη* sem kjarnahugtak í siðfræði sinni og greint sig þannig frá mörgum öðrum höfundum til forna (þ.e.a.s. með orðanotkun, fremur en frábrugðinni merkingu eða siðferðilegri áherslu). Það má e.t.v. orða þetta sem svo að kristnir höfundar hafi nýtt sér lítt notað (nafn)orð í grísku samhengi³² sem lýsingu á vel þekktu og útbreiddu siðaboði. Eins og við munum sjá enn frekar hér fyrir neðan, er höfundur Fyrra Pétursbréfs gott dæmi um slíka tileinkun á *ἀγάπη* sem nokkurs konar yfirskrift siðfræði sinnar.

Textinn sem á eftir fylgir í bréfinu, í 2.1–10, felur í sér hvatningar til lesendanna um að láta alfarið af fyrri lífern (sem heiðingjar) og sækjast þess í stað eftir „hinna ákjósanlegu,³³ fersku mjólk“ (τὸ λογικὸν ἄδολον γάλα) sem veitir vöxt til hjálpræðis (v. 1–3). Að gyðinglegri fyrirmynd (í hinum útvalda messíasi; v.

φιλανθρώπως (Post 27.3), φιλοφρόνως (Post 28.7), φιλόθενος (2Tím 3.4), φιλάγαθος (Tít 1.8), φιλανδρός (Tít 2.4), φιλότεκνος (Tít 2.4; Hermas, *Viz.* 3.1).

²⁹ Sbr. Oda Wischmeyer, „Vorkommen und Bedeutung von Agape in der außerchristlichen Antike“, *Zeitschrift für die neutestamentliche Wissenschaft* 69/1978, bls. 212–238.

³⁰ Sjá: Joly, *Le vocabulaire chrétien*, bls. 10–29. Sjá einnig: Ethelbert Stauffer, „ἀγαπάω κτλ.“, *Theological Dictionary of the New Testament* 1, ritstj. Gerhard Kittel, þýð. Geoffrey W. Bromiley, Grand Rapids: Eerdmans, 1964, bls. 35–55, hér 35–38.

³¹ Sbr.: Joly, *Le vocabulaire chrétien*, bls. 34–47; D. A. Carson, *Exegetical Fallacies*, Grand Rapids: Baker, 1984, bls. 26, 30, 51–54; Margaret M. Mitchell, *Paul and the Rhetoric of Reconciliation: An Exegetical Investigation of the Language and Composition of 1 Corinthians*, HUT 28, Tübingen: Mohr (Siebeck), 1991, bls. 165, ásamt nmgr.; Odd M. Bakke, „Concord and Peace”: A Rhetorical Analysis of the First Letter of Clement with an Emphasis on the Language of Unity and Sedition, WUNT 2.143, Tübingen: Mohr (Siebeck), 2001, bls. 193, ásamt nmgr.; Michelle V. Lee, *Paul, the Stoics, and the Body of Christ*, SNTSMS 137, Cambridge: Cambridge University Press, 2006, bls. 178–179. Sjá einnig: Johannes P. Louw og Eugene A. Nida (ritstj.), *Greek-English Lexicon of the New Testament: Based on Semantic Domains*, 2. útg., New York: United Bible Societies, 1989, bls. 294: „Though some persons have tried to assign certain significant differences of meaning between [ἀγάπη/ἀγαπάω and φιλία/φιλέω], it does not seem possible to insist upon a contrast of meaning in any and all contexts.“ Sbr. LSJ, u.o. ἀγαπάω I. Eftirfarandi eru góð dæmi um ἀγάπη/ἀγαπάω og φιλία/φιλέω sem samheiti í forngrískum textum: Xenófón, *Mem.* 2.7.12; Aristóteles, *Rhet.* 1.11.17 (1371a); Díó frá Prúsa, *4 Regn.* 4.15; sbr. einnig *1 Regn.* 1.19; *3 Regn.* 3.103, 110–111. Um seinni tíma kristna viðleitni til að gera sterkan greinarmun á þessum hugtökum, sjá umfjöllun í: Konstan, *Friendship*, bls. 156–173.

³² Þess má geta að nafnorðið *ἀγάπη* kemur ekki oft fyrir í LXX (19 sinnum, þar af 11 sinnum í Lj). Sögnin *ἀγαπάω* er á hinn bóginn afar algeng, líkt og í forngrískum heimildum.

³³ Það er erfitt að þýða orðið *λογικός* á íslensku. Það getur falið í sér skírskotun til einhvers sem er skynsamlegt, rökrétt og vel ígrundað, en einnig til einhvers sem telst eðlilegt eða ákjósanlegt í tilteknum kringumstæðum (sbr. „lógískt“). Það er algengt að sjá *λογικός* þýtt hér sem eitthvað „andlegt“ (e. *spiritual*), en sú þýðing er hæpin, sérstaklega í ljósi þess að höfundur notar orðið *πνευματικός* (sem þýðir „andlegur“) í nánasta samhengi (v. 5). Orðið *λογικός* kemur eingöngu fyrir hér og í Róm 12.1 í ritum N.t. Þess má geta að samtímamaður 1Pét, stóumaðurinn Epíktetos (d. u.þ.b. 135 e.Kr.), notaði þetta orð þegar hann lýsti því að þar sem hann væri viti borin vera (*λογικός* eimi) bæri honum skylda til að lofsyngja Guð sinn (*Dis.* 1.16.15–17). Sjá frekari umfjöllun í: Runar M. Thorsteinsson, „Paul and Roman Stoicism: Romans 12 and Contemporary Stoic Ethics“, *Journal for the Study of the New Testament* 29/2006, bls. 139–161, hér 147–148; sami höfundur, „Stoicism as a Key to Pauline Ethics in Romans“, *Stoicism in Early Christianity*, ritstj. Tuomas Rasimus, Troels Engberg-Pedersen og Ismo Dunderberg, Grand Rapids: Baker Academic, 2010, bls. 15–38, hér 23–24.

4), skulu lesendurnir leitast við að „byggjast upp“, líkt og „lifandi steinar“,³⁴ og mynda „andlegt hús til heilags prestdóms“ með það fyrir augum að færa fram „andlegar fórnir sem fyrir tilstilli Jesú Krists eru Guði þóknanlegar“ (v. 5). Þannig geti þeir sinnt hlutverki „konunglegs prestdóms“ (v. 9).

Í kjölfarið eru ákveðin skil mörkuð í textanum, nánar tiltekið með ávarpinu ἀγαπῆτοί (orðrétt: „þið elskaðir“), sem fylgt er eftir af svokallaðri παρακαλῶ-bréfaformúlu (beiðniformúlu) í 2.11.³⁵ Slík formúla markar einmitt oft skil í forngrískum bréfum. Frá og með henni hefst langur kafli í Fyrri Pétursbréfi sem lýkur með orðinu ἀμήν („amen“) í 4.11.³⁶ Efnislega einkennist þessi langi kafli fyrst og fremst af siðferðilegum boðum og hvatningum, sem eru settar fram í lauslega tengdum undirköflum: 2.11–17 (um hegðun kristinna í samfélaginu almennt); 2.18–3.7 (hvatningar til þriggja kristinna samfélagshópa); 3.8–22 (upptalning ýmissa dygða); 4.1–6 (um Krist sem fyrirmynd dygdugs líf-ernis); 4.7–11 (um kærleik sem megingdygd og birtingarmyndir hans).³⁷ Innbyrðis tengingar á milli einstakra undirkafla eru, líkt og áður sagði, fremur óljósar, en hvað siðferðilegt og félagslegt umfjöllunarefni varðar má ef til vill sjá línulega uppbyggingu frá hinu almenna til hins sértæka(ra) í kaflanum sem heild.

Höfundur byrjar umfjöllunina í 2.11–4.11 á því að biðla til (παρακαλῶ) lesenda sinna um að halda sig frá „holdlegum girndum“ og ítrekar þannig fyrri tilvísun sína til bakgrunns lesendanna sem heiðingja (sbr. 1.14). Hann minnir þá síðan á að hegða sér sómasamlega í þeim (heiðnu) samfélögum sem þeir eru búsettir í, þ.e.a.s. í daglegu lífi sínu (2.12). Það felst meðal annars í því að sýna veraldlegum yfirvöldum tilhlýðilega undirgefni, bæði keisaranum (βασιλεῖ) og þeim landstjórum (ἡγεμόσιν) sem hann sendir til að refsa þeim sem breyta ranglega og hrósa þeim sem breyta vel (v. 13–14). Að breyta vel (ἀγαθοποιέω)³⁸ er enn fremur góð leið til að sannfæra aðra, utanaðkomandi, um mátt Guðs og sannindi, segir höfundur (v. 12, 15). Í 2.17 setur „Pétur“ síðan fram stuttorða samantekt á efninu sem á undan er komið með því að hvetja lesendurna til að sýna öllum tilhlýðilega virðingu, þar á meðal keisaranum, að óttast Guð og sýna trússysteminum sínum kærleik: „Sýnið öllum virðingu (πάντας τιμήσατε). Elskið

³⁴ Höfundur vísar hér í líkinguna sem Páll notar sömuleiðis í Róm 9.32–33 (í eilítið frábrugðinni mynd) um hinn gyðinglega messías (Jesú) sem „hornstein“ í Síon (Jerúsalem). Líkingin er sótt til Jesaja spámanns (28.16; sbr. 8.14).

³⁵ Um παρακαλῶ-bréfaformúluna, sjá sérstaklega: Carl J. Bjerkelund, *Parakalō: Form, Funktion und Sinn der parakalō-Sätze in den paulinischen Briefen*, Oslo: Universitetsforlaget, 1967. Almennt yfirlit má finna í: Rúnar M. Þorsteinsson, „Bréf Nýja testamentisins í ljósi grísk-rómverskra bréfaskrifta“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 44/2017, bls. 75–94, hér 78.

³⁶ Um þessa afmörkun 2.11–4.11, sjá einnig: Achtemeier, *1 Peter*, bls. 73; Olsson, *Petrusbrevet*, bls. 201; Williams og Horrell, *1 Peter*, 1. bindi, bls. 34–37, 693–694.

³⁷ Þess ber að geta að það er nokkuð mismunandi hvernig ritskýrendur skipta textanum í 2.11–4.11 upp, allt eftir efnislegum áhersluatriðum (ritskýrendanna). Hér fyrir ofan miðast skiptingin bæði við siðfræðilegan efnivið höfundar (1Pét) og félagslegt samhengi þess efniviðar.

³⁸ Notkun þessa hugtaks (ἀγαθοποιέω og tengdra orða) er einkennandi fyrir 1Pét (sjá 2.14, 15, 20; 3.6, 17; 4.19); hugtakið kemur sex sinnum fyrir í 1Pét, en aðeins fimm sinnum annars staðar í ritum N.t. Sjá frekari umfjöllun í: Williams og Horrell, *1 Peter*, 1. bindi, bls. 712–718.

trúarsamfélagið (τὴν ἀδελφότητα ἀγαπᾶτε).³⁹ Óttist Guð (τὸν θεὸν φοβεῖσθε). Virðið keisarann (τὸν βασιλέα τιμᾶτε).⁴⁰

Textinn í 2.18–3.7 inniheldur siðferðilegar hvatningar og boð til þriggja samfélagshópa: Heimilisþræla (οἰκέται),⁴¹ giftra kvenna og kvæntra karla. Höfundur brýnir fyrir þrælunum að sýna eigendum sínum ávallt undirgefni, konunum sömuleiðis að sýna eiginmönnum sínum undirgefni⁴² og karlana hvetur hann til að sýna eiginkonum sínum skilning og virðingu.

Eftir þessi tilmæli til einstakra hópa beinir höfundur athyglinni aftur að lesendahópnum sem heild (sbr. πάντες, „allir“, 3.8). Hann telur upp æskilegar dygðir og eiginleika sem hann hvetur lesendurna til að tileinka sér og fylgja; að þeir séu einhuga, að þeir sýni samúð, bróðurkærleik (systkinakærleik), hluttekningu og auðmýkt,⁴³ og gjaldi hvorki illt með illu (μὴ ἀποδιδόντες κακὸν ἀντι κακοῦ), né illmæli með illmæli, heldur bregðist við slíkri hegðun með því að róma viðkomandi eða blessa (εὐλογοῦντες).⁴⁴ Höfundur heldur því reyndar fram að undir engum kringumstæðum megi bregðast við með illu fremur en góðu, jafnvel þótt það feli í sér þjáningu (v. 10–17). „Hið góða líferni í Kristi“ (ἡ ἀγαθὴ ἐν χριστῷ ἀναστροφή) þarf að hafa að leiðarljósi hvað sem það kostar (v. 16; sbr. 3.18–4.2).⁴⁵

Enn og aftur minnir höfundur lesendur sína á fyrrum ómannsæmandi hegðun þeirra sem heiðingjar (4.3–4) en hann minnir þá einnig á að „endalok alls“ (πάντων τὸ τέλος) séu nærri (v. 7), þ.e.a.s. að tíminn sé naumur til að festa betra háttalag í sessi því að brátt verði allir dæmdir eftir gjörðum sínum (sbr. 1.17; 4.5). Það er mikilvægt, áréttar höfundur, að bænir fólks séu markaðar af sjálfstjórn (σωφρονήσατε)⁴⁶ og aga (νήψατε)⁴⁷ (4.7). En það sem er mikilvægast af öllu sé að sýna gagnkvæman kærleik:

³⁹ Orðið ἀδελφότης, hér með ákveðnum greini, á klárlega við um samfélag þeirra sem hafa tekið trú á Jesú sem messías (Krist, þ.e. hinn smurð). Orðið kemur einnig fyrir í 5.9, en hvergi annars staðar í N.t. Í öðrum frumkristnum ritum má þó sjá það notað í 1Klem 2.4; Herm. Mand. 8.10 (38.10).

⁴⁰ Hér má bera saman orðalagið í Okv 24.21 (LXX: φοβοῦ τὸν θεόν, víε, καὶ βασιλέα).

⁴¹ Almenna orðið fyrir þræl er δοῦλος. Hér er οἰκέτης notað sem getur einnig haft þessa almennu merkingu, en beinir sjónum einkum að heimilisþrælum. Orðið kemur einnig fyrir í Lúk 16.13; Post 10.7; Róm 14.4. Frekari umfjöllun um 1Pét 2.18–25 í samhengi þrælhalds til forna má finna í: Jennifer A. Glancy, *Slavery in Early Christianity*, Oxford: Oxford University Press, 2002, bls. 148–151.

⁴² Þess má geta að í tengslum við heimilisofbeldi telur Kathleen E. Corley að af öllum biblíutextum hafi 1Pét 3.1–6 valdið mestum skaða fyrir konur í gegnum tíðina; sjá: „1 Peter“, *Searching the Scriptures 2: A Feminist Commentary*, ritstj. E. Schüssler Fiorenza, London: SCM, 1994, bls. 349–360, hér 355. Sjá einnig gagnlega umfjöllun í: Betsy J. Bauman-Martin, „Women on the Edge: New Perspectives on Women in the Petrine *Haustafel*“, *Journal of Biblical Literature* 123/2004, bls. 253–279.

⁴³ Um hugtökin sem talin eru upp hér (ὁμόφρονες, συμπαθεῖς, φιλάδελφοι, εὐσπλαγχοι, ταπεινόφρονες), sjá nánar: Sean du Toit, „Ethical Lists in 1 Peter“, *Journal of Greco-Roman Christianity and Judaism* 18/2022, bls. 59–91, hér 80–90. Sjá einnig: Travis B. Williams og David G. Horrell, *A Critical and Exegetical Commentary on 1 Peter*, 2. bindi, ICC, London: T&T Clark, 2023, bls. 82–90. Nafnorðið φιλαδελφία merkir orðrétt „bróðurkærleikur“ (sbr. samstofna lýsingarorðið φιλάδελφοι), en orðið má einnig þýða sem „systkinakærleikur“ þegar ljóst þykir að umfjöllunarefnið nái yfir konur líkt og karla (sbr. t.d. 3.1–6 í þessu tilfelli).

⁴⁴ Nánar um merkingu εὐλογέω/εὐλογία, sjá hér fyrir neðan.

⁴⁵ Sbr. einnig 1.6–7; 2.13–16, 19–21; 4.14–19; 5.9–10.

⁴⁶ Sbr. Róm 12.3.

⁴⁷ Sbr. 1Pess 5.6, 8.

Umfram allt (πρὸ πάντων), sýnið hvert öðru einlægan kærleik (τὴν εἰς ἑαυτοὺς ἀγάπην ἐκτενῇ ἔχοντες), því að (ὅτι) kærleikur breiðir yfir fjölda synda. Verið gestrisin (φιλόξενοι) hvert við annað (εἰς ἀλλήλους) án þess að kvarta. Hver og einn þjóni (διακονοῦντες) öðrum í samræmi við þá náðargjöf (χάρισμα) sem hann hefur hlotið, eins og góðir ráðsmenn margvíslegrar náðar Guðs (v. 7–10).

Textabrotið staðfestir miðlægt hlutverk *ἀγάπη* í siðfræðilegum boðskap Fyrra Pétursbréfs. Það gefur einnig fáein möguleg dæmi um birtingarmyndir þessarar höfuðdygðar í daglegu lífi. Fyrsta dæmið er sett fram sem skýring á kröfunni um gagnkvæman kærleik: „því að (ὅτι) kærleikur breiðir yfir fjölda synda.“ Merking þessarar skýringar er þó ekki að fullu ljós. Höfundur virðist hér vísa í Orðskviði 10.12,⁴⁸ en það sem er óljóst er hvers eða hverra syndir um er að ræða.⁴⁹ Líklegast má telja að með gagnkvæmni sé í þessu samhengi (sbr. v. 8–10: εἰς ἑαυτοὺς ... εἰς ἀλλήλους ... εἰς ἑαυτοὺς ...) átt við gagnkvæma fyrirgefningu.⁵⁰ Með orðalaginu að „breiða yfir syndirnar“ er þá átt við að fyrirgefa fólki misgjörðir þeirra.⁵¹ Ef þetta er merking textans er boðskapur höfundar sá að fólk verði að vera reiðubúið að fyrirgefa hvert öðru ef kærleikurinn á að teljast einlægur, jafnvel þótt um „fjölda synda“ sé að ræða. Samkvæmt þessum skilningi er fyrirgefning eitt af birtingarformum kærleikans (*ἀγάπη*) í Fyrra Pétursbréfi.

Ef gengið er út frá því að hvatningarnar sem á eftir fylgja séu einmitt dæmi um birtingarform *ἀγάπη* að mati höfundar,⁵² má sjá annað slíkt í versí 9: „Verið gestrisin hvert við annað án þess að kvarta.“ Gestrisni (φιλοξενία)⁵³ var víða talin mikilvæg dygd í fornöld. Meðal Grikkja, Rómverja og gyðinga var hún jafnvel álitin borgaraleg skylda.⁵⁴ Sú afstaða virðist gefin forsenda í augum „Péturs“. Viðbótin „án þess að kvarta“ (ἄνευ γογγυσμοῦ)⁵⁵ gæti bent til þess að höfundur hafi séð fyrir sér að einhverjir nöldruðu ef til vill yfir þessari almennu skyldu, en líklegra má þó telja að hann bæti þessari athugasemd einfaldlega við til áherslu. Það er ljóst að gagnkvæm gestrisni kristinna var mikilvægur þáttur í útbreiðslu hinnar kristnu hreyfingar í fornöld⁵⁶ og að höfundur Fyrra Pétursbréfs sé að vísa til hennar, þ.e.a.s. til gestrisni innan hreyfingarinnar sjálfrar

⁴⁸ Eins og áður hefur komið fram vísar 1Pét venjulega til Septuagintu (LXX), en í þessu tilfelli er textinn í LXX (þ.e. þeirri útgáfu af LXX sem *við* þekkjum) nokkuð frábrugðinn (πάντας δὲ τοὺς μὴ φιλονεικοῦντας καλύπτει φίλια). Tilvísunin virðist reyndar liggja nær hebreska textanum (þ.e. þeirri hebresku útgáfu sem *við* þekkjum — MT) (*kal-pesha' im tekasseh 'ahavah*), sbr. einnig tilvísun í Jak 5.20. Höfundur 1Pét kann því að hafa verið að vísa til annarrar grískrar útgáfu en LXX (sbr. Williams og Horrell, *1 Peter*, 2. bindi, bls. 372).

⁴⁹ Sjá umfjöllun í Williams og Horrell, *1 Peter*, 2. bindi, bls. 372–375.

⁵⁰ Sbr. Achtemeier, *1 Peter*, bls. 295–296; Elliott, *1 Peter*, bls. 750–751.

⁵¹ Sbr. Slm 32.1 (LXX 31.1): „Sæll er sá er afbrotin eru fyrirgefín, synd hans hulin“; 85.3 (LXX 84.3): „Þú hefur fyrirgefíð misgjörð lýðs þíns, hulið allar syndir hans“ (þýð. B2007).

⁵² Margir ritskýrendur telja svo vera; sjá yfirlit í: Williams og Horrell, *1 Peter*, 2. bindi, bls. 376, sem sjálfir sjá þó skarpari skil á milli einstakra hvatninga í textanum.

⁵³ Í ritum N.t. kemur nafnorðið *φιλοξενία* fyrir í Róm 12.13; Heb 13.2. Auk 1Pét 4.9 kemur lýsingarorðið *φιλόξενο* fyrir í 1Tím 3.2; Tít 1.8. Um víðara samhengi *φιλοξενία*, sjá: Gustav Stählin, „ξένος κτλ.“, *Theological Dictionary of the New Testament* 5, ritsjtj. Gerhard Friedrich, þýð. Geoffrey W. Bromiley, Grand Rapids: Eerdmans, 1967, bls. 1–36.

⁵⁴ Sjá: Amy G. Oden (ritstj.), *And You Welcomed Me: A Sourcebook on Hospitality in Early Christianity*, Nashville: Abingdon Press, 2001, bls. 13–18, ásamt frekari tilvísunum. Ítarlega umfjöllun um gestrisni í frumkristni má finna í: Andrew Artebury, *Entertaining Angels: Early Christian Hospitality in its Mediterranean Setting*, NTM 8, Sheffield: Sheffield Phoenix Press, 2005.

⁵⁵ Merking *γογγυσμός* er „kvörtun“, „nöldur“ eða „baktal“, sbr. Fil 2.14; Jóh 7.12; Post 6.1. Sjá nánar: BDAG, u.o. *γογγυσμός*.

⁵⁶ Sbr.: Elliott, *1 Peter*, bls. 753. *Did.* 11–13 er gott dæmi um texta úr frumkristni þar sem fjallað er um ýmsa þætti gestrisni og mikilvægi hennar.

(sbr. „hvert við annað“). Að þessu gefnu væri gestrisni ein leið að mati höfundar til að sýna (fram á) kærleik sinn til trúarsamfélagsins (sbr. 2.17).⁵⁷

Í versunum sem á eftir fylgja er lögð áhersla á gagnkvæma þjónustu (εις αὐτοὺς διακονοῦντες) „í samræmi við þá náðargjöf sem [viðkomandi] hefur hlotið“ (v. 10), hvort sem það á við um fræðslu eða aðra (verklega) þjónustu (v. 11). Hér er átt við að hver og einn í söfnuðunum í Litlu-Asíu (sem og annars staðar) skuli nýta stöðu sína og eiginleika (sem Guð hefur gefið) á þann hátt að það gagnist öðru kristnu fólki — kastljósi höfundar í þessu tilliti er áfram beint að kristnu hreyfingunni, fremur en fólki utan hennar. Sérhver „náðargjöf“ (χάρισμα) skal þannig verða heildinni til góðs (þ.e.a.s. trúarsamfélaginu sem heild). Það liggur nærri lagi að telja slíka gagnkvæma þjónustu meðal birtingarmyndar *ἀγάπη* í siðfræði Fyrra Pétursbréfs.

Út frá þeirri forsendu að v. 9–11 innihaldi nánari útlistun á meginhvatningunni í v. 8 um gagnkvæman kærleik,⁵⁸ má segja að lýsingin í 4.8–11 á því hvað geti raunverulega falist í slíkum kærleik sé eins áþreifanleg og hún getur orðið í ritinu. Að skilningi höfundar felst *ἀγάπη* þá meðal annars í fyrirgefningu, gestrisni og gagnkvæmri þjónustu (bæði í orðræðu og praktík).

Í 4.12–19 beinir höfundur athyglinni að þeim raunum og þjáningum sem hann nefndi stuttlega í upphafi bréfsins (1.6–7) og hvetur lesendur sína til að taka Krist sér til fyrirmyndar í slíkum raunum. Hann minnir á hversu skamman tíma þeir hafa til betrumbóta því að dómsdagur sé rétt handan við hornið (4.17, sbr. v. 5) og því nauðsynlegt að halda áfram að vinna góðverk (*ἀγαθοποιία*),⁵⁹ hverjar svo sem þjáningarnar kunni að vera (v. 19).

Í kjölfarið ávarpar höfundur tvo hópa í söfnuðunum (5.1–5a), annars vegar leiðandi „öldunga“ (πρεσβύτεροι) og hins vegar þau sem yngri eru (νεώτεροι). Fyrri hópinn hvetur hann til að stýra söfnuðunum með velvilja og spekt, en síðari hópinn hvetur hann til að sýna öldungunum undirgefni. „Pétur“ leggur síðan áherslu á að báðir hópar — og væntanlega allir aðrir⁶⁰ — „íklæðist (ἐγκομβώσασθε) auðmýkt (τὴν ταπεινοφροσύνην) hver gagnvart öðrum (ἀλλήλοις)“ (v. 5b). Við Sáum þessa dygð, *ταπεινοφροσύνη*, nefnda áður (3.8).⁶¹ Hér er mikil-

⁵⁷ Hér má geta þess að í tengslum við hliðstæð ummæli Páls um „bróðurkærleik“ (φιλαδελφία) og gagnkvæman kærleik (ἀγαπᾶν ἀλλήλους) í 1Pess 4.9–10 skrifar Abraham J. Malherbe: „Paul does not say how the Thessalonians exhibited their love, but their hospitality to travelers was one likely expression of love“ (*The Letters to the Thessalonians: A New Translation with Introduction and Commentary*, AB 32B, New York: Doubleday, 2000, bls. 245).

⁵⁸ Þessi forsenda er t.a.m. stutt af J.J. Janse van Rensburg sem hefur rannsakað notkun á smáorðum og *asyndeta* (þ.e. þar sem engar samtengingar eru notaðar) í 1Pét og komist að þeirri niðurstöðu að *asyndeta* í 4.8–11 þjóni því hlutverki að gefa til kynna undirskipuð setningatengsl; sjá: „The Use of Intersentence Relational Particles and Asyndeton in First Peter“, *Neotestamentica* 24/1990, bls. 283–300, hér 292.

⁵⁹ Þetta orð, samsett úr *ἀγαθόν* („gott“) og *ποιέω* („gera“, „framkvæma“), kemur hvergi annars staðar fyrir í ritsafni N.t.

⁶⁰ Sjá: Williams og Horrell, *1 Peter*, 2. bindi, bls. 545–549.

⁶¹ Notkun þessa hugtaks er nokkuð dreifð meðal höfunda í N.t.: Fil 2.3; Kól 2.18, 23; 3.12; Ef 4.2; 1Pét 5.5; Post 20.19. Hið sama gildir um samstofna lýsingarorðið *ταπεινός*: Róm 12.16; 2Kor 7.6; 10.1; Matt 11.29; 1Pét 5.5; Jak 1.9; 4.6; Lúk 1.52. Um *ταπεινοφροσύνη* sem kristna dygð til forna, sjá: David G. Horrell, *The Making of Christian Morality: Reading Paul in Ancient and Modern Contexts*, Grand Rapids: Eerdmans, 2019, bls. 143–158. Um *ταπεινοφροσύνη* sem eina af höfuðdygðum í 1Klem, sem var einnig ritað í lok fyrstu aldar e.Kr. í Róm, sjá: Rúnar M. Þorsteinnsson, „Fyrra Klemensarbréf og siðfræðileg arfleifð Páls í Róm“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 57/2023, bls. 29–40, hér 34–35. Almenna umfjöllun um hugtakið má finna í Walter Grundmann, „*ταπεινός* κτλ.“, *Theological Dictionary of the New Testament* 8, ritstj. Gerhard Friedrich, þýð. Geoffrey W. Bromiley, Grand Rapids: Eerdmans, 1972, bls. 1–26.

vægi hennar áréttað með tilvitnun í Ritninguna (Okv 3.34 LXX): „Guð stendur gegn hrokafullum, en auðmjúkum (ταπεινοίς) veitir hann náð.“⁶²

Höfundur lýkur bréfi sínu með almennum hvatningum (v. 6–11), lokaorðum (v. 12) og kveðjum (v. 13–14).

Andlag kærleikans (ἀγάπη) í Fyrri Pétursbréfi

Í yfirlitinu hér fyrir ofan sáum við sterkar vísbendingar um að höfundur Fyrri Pétursbréfs hafi litið á dygdina *ἀγάπη* sem meginbyggð og undirstöðu siðferðilegrar breytni. Við sáum einnig fáein möguleg dæmi um birtingarmyndir kærleikans í daglegu lífi samkvæmt höfundi. Eina spurningu er þó vert að athuga nánar áður en lengra er haldið, sér í lagi vegna þess að hún er jafnan ekki sett fram: Hvert er andlag kærleikans í Fyrri Pétursbréfi? Þ.e.a.s. hvaða fólk er það sem *ἀγάπη* ætti að beinast að, samkvæmt höfundi? Er það fólk almennt eða fyrst og fremst kristnir?

Það er alveg ljóst að höfundur gerir þá kröfu til kristinna lesenda sinna að þeir sýni hver öðrum kærleik, sbr. 1.22 (ἀλλήλους ἀγαπήσατε); 2.17 (τὴν ἀδελφότητα ἀγαπᾶτε); 4.8–11 (τὴν εἰς ἑαυτοὺς ἀγάπην ἐκτενῆ ἔχοντες ...); 5.14 (ἀσπάσασθε ἀλλήλους ἐν φιλήματι ἀγάπης). Það ætti einnig að vera ljóst að í þeim tilfellum sem höfundur setur beinlínis fram kröfu sína um *ἀγάπη* nefnir hann eingöngu kristna sem andlag. Aðrir eru ekki nefndir sem slíkir. Það er því ekki mögulegt að sýna fram á annað en að krafan um gagnkvæman kærleik *þar sem meginbyggðin ἀγάπη er sérstaklega tilgreind* feli í sér „innan-hóps“ kröfu.⁶³ M.ö.o. það verður ekki séð að höfundur geri þá kröfu til lesenda sinna að þeir „elski“ fólk sem ekki tilheyrir trúarsamfélagi kristinna (τὴν ἀδελφότητα, 2.17).

Þá vaknar önnur spurning: Hvaða kröfur gerir höfundur Fyrri Pétursbréfs um framkomu og breytni lesendanna gagnvart öðrum en kristnum? Við höfum ýmis ummæli í bréfinu sem gera okkur kleift að svara þessu. Í fyrsta lagi gefur lýsingin í 2.11–17 talsverðar upplýsingar um þetta atriði því að þar kemur það beinlínis fram (í 2.12) að í því samhengi sé höfundur að tala um hegðun lesendanna „á meðal heiðingjanna“ (ἐν τοῖς ἔθνεσιν), þ.e.a.s. á meðal fólks af heiðnum uppruna sem ekki hefur gengið hinum gyðinglega messíasi (Jesú) á hönd (líkt og lesendurnir hafa gert). Eins og við sáum hér fyrir ofan lýsir „Pétur“ æskilegri hegðun í því samhengi á þann hátt að hún skuli vera góð og sæmandi (καλήν). Mikilvægt sé að lesendurnir kristnu sýni rómverskum yfirvöldum tilhlýðilega undirgefni (ὑποτάγητε) (v. 13–14) og að þeir komi fram við alla utanaðkomandi af virðingu (2.17: πάντας τιμήσατε ... τὸν βασιλέα τιμᾶτε). Ástæður þessara hvatninga eru ekki aðeins af siðfræðilegum toga, heldur fela þær einnig í sér þá ósk höfundar eða sýn að sæmandi hegðun kristinna í samfélaginu geti að endingu leitt til viðsnúnings annarra til liðs við hreyfinguna (v. 12).

⁶² Þessi tilvitnun kemur einnig fyrir í Jak 4.6.

⁶³ Thorsteinsson, *Roman Christianity*, bls. 198–201. Williams og Horrell taka undir þessa niðurstöðu (*1 Peter*, 1. bindi, bls. 765).

Í öðru lagi má nefna upptalninguna í 3.8–9 á æskilegri hegðun. Þar er ekki að fullu ljóst hvort kristnir eða aðrir (eða báðir hópar) eru í sigtinu,⁶⁴ en rétt er að hafa í huga að hugtakið *ἀγάπη* kemur ekki fyrir í því samhengi. Hvatningarnar eru hliðstæðar þeim sem við sáum í 2.11–17 hvað utanaðkomandi aðila varðar, þ.e.a.s. hvatningar um góða og sæmandi hegðun í samfélaginu. Þar á meðal er þess krafist að bregðast ekki við í sömu mynt þegar brotið er á manni, annaðhvort í verki eða orði, heldur blessa þann sem á í hlut eða róma hann.⁶⁵

Á sömu nótum má í þriðja lagi nefna að önnur textabrot í 2.18–5.14 þar sem sjónum er beint að öðrum en kristnum eru fá: Í 2.18–25 eru kristnir heimilisþrælar hvattir til að sýna eigendum sínum undirgefni og lotningu, hvort sem þeir eru góðir og tillitssamir eða óréttlátir. Það gefur augaleið að hér er vísað til eigenda sem ekki tilheyra hópi kristinna (a.m.k. hinir síðarnefndu, hinir „óréttlátu“). Í 3.1–2 eru kristnar eiginkonur hvattar til að sýna eiginmönnnum sínum undirgefni, að þeim eiginmönnnum meðtöldum sem ekki eru kristnir (þeir „óhlýðnast orðinu“).⁶⁶ Í 3.15–16 eru lesendurnir hvattir til þess að vera ávallt með réttu svörin (*ἀπολογία*) á reiðum höndum þegar utanaðkomandi krefjast upplýsinga um þá von sem kristinn boðskapur felur í sér. Jafnframt er mikilvægt, segir höfundur, að slíkt fari fram af hógværð og virðingu. Lykilorðin í þessum textabrotum, þar sem æskileg framkoma gagnvart utanaðkomandi er nefnd, eru því (eftir samhengi) undirgefni, lotning, hógværð og virðing.

Almennt má því segja að höfundur Fyrra Pétursbréfs kynni megindygdina *ἀγάπη* sem „innanhúss-dygð“. Hvergi er þess krafist beinum orðum að lesendurnir „elski“ aðra en kristna. Á hinn bóginn er þess klárlega krafist að þeir hegði sér sómasamlega í samfélaginu og að þeir sýni utanaðkomandi tilhlýðilega virðingu og vinsemd ef svo ber undir. Afstaða „Péturs“ gagnvart utanaðkomandi í samfélaginu er þannig jákvæð, þrátt fyrir skýran greinarmun á kristnum og öðrum. Athygli vekur einkum hversu jákvæð afstaða hans er gagnvart rómverskum yfirvöldum.

Frá Páli til „Péturs“: Siðfræðileg arfleifð Páls í Fyrra Pétursbréfi

Fram að þessu höfum við einkum beint sjónum okkar að sjálfum textanum í Fyrra Pétursbréfi. Ef við lítum út fyrir textann og skoðum hugmyndafræðilegt samhengi bréfsins má slá því föstu að höfundur sæki siðfræðilegan efnivið að miklu leyti frá öðrum höfundum og hefðum. Bréfið er ritað á þeim tímamarki er Jesúhreyfingin hafði þegar mótað ýmis siðferðileg viðmið sem trúarhreyfing; viðmið sem flest áttu rætur í gyðingdómi ellegar í grísk-rómverskri hugmyndafræði. Hér má helst nefna bréf Páls postula, a.m.k. sjö að tölu sem öll voru

⁶⁴ Sjá umfjöllun í: Thorsteinsson, *Roman Christianity*, bls. 199–200.

⁶⁵ Merking sagnarinnar *εὐλογέω* getur verið að „blessa“ einhvern, t.a.m. í bæn, en hún getur einnig merkt að þróa eða lofa viðkomandi; sjá: BDAG, u.o. *εὐλογέω* 1–2. Í ljósi þess að höfundur minnst sérstaklega á *λοιδορία* í setningunni á undan *εὐλογοῦντες*, sem og í ljósi þess sem á eftir fylgir í v. 10, tel ég síðari merkinguna líklegri. Sú merking er eldri í forngrískum bókmenntum (sjá umfjöllun í Williams og Horrell, *1 Peter*, 2. bindi, bls. 94–96, 99–100), en í N.t. má t.d. sjá dæmi í 1Kor 4.12; Jak 3.9; Lúk 1.64; 2.28; 24.53.

⁶⁶ Hér gæti einnig verið átt við kristna eiginmenn sem „óhlýðnast“ boðskapnum, en í ljósi ummælanna sem á eftir fylgja (um möguleikann á því að „vinna“ þá) verður það að teljast ólíklegt. Sbr. einnig hliðstæða orðanotkun um aðra en kristna í 2.8 (*τῷ λόγῳ ἀπειθοῦντες*).

rituð fyrir árið 70 e.Kr.⁶⁷ Auk þeirra ber að sjálfsögðu að nefna munnmælahefðir um orð og gjörðir Jesú, sem á ritunartíma Fyrra Pétursbréfs höfðu margar hverjar verið skrifaðar niður í Markúsarguðspjalli og hugsanlega fleiri guðspjöllum (þar má helst nefna Matteusarguðspjall).⁶⁸

Eins og áður kom fram eru mestar líkur á því að Fyrra Pétursbréf hafi verið skrifað í borginni Róm. Elsti þekkti texti sem vitnar um tilvist Jesúhreyfingarinnar í borginni er Rómverjabréf Páls, ritað og (vætanlega) sent til Rómar um 15–30 árum fyrir ritunartíma Fyrra Pétursbréfs. Aðrir textar hreyfingarinnar kunna að hafa verið höfundir bréfsins innan handar í Róm á þessum tíma, þ. á m. Markúsarguðspjall og Hebreabréfið,⁶⁹ en um það er lítt vitað og spurningin afar umdeild meðal sérfræðinga í báðum tilfellum. Af því leiðir að eina frumkristna ritið sem við teljum okkur vita að hafi verið til staðar í Róm á ritunartíma Fyrra Pétursbréfs er Rómverjabréfið.⁷⁰ Í þessum síðasta hluta greinarinnar ætlum við að kanna þá spurningu hvort og þá að hvaða leyti „Pétur“ kann að hafa nýtt sér siðferðilegan boðskap Páls í Rómverjabréfinu.

Fyrst má almennt segja að fræðimenn séu ekki á einu máli hvað tengslin á milli Fyrra Pétursbréfs og Pálsbréfa varðar. Það sem helst hefur verið umdeilt er spurningin hvort Fyrra Pétursbréf tilheyri (a) arfleifð Páls, (b) „skóla Péturs“ (í Róm) eða (c) breiðari hefð e.k. rómverskrar kristni.⁷¹ En hvað Rómverjabréfið varðar sérstaklega virðast flestir fræðimenn sammála um að einhver tengsl séu á milli þess bréfs og Fyrra Pétursbréfs. Jafnvel þótt greina megí ýmiss konar mun á textunum tveimur⁷² virðist ljóst að sameiginlegir þættir eru það margir og það nánir að óskynsamlegt sé að útiloka tengsl, hvort sem þau eru bein eða óbein.⁷³ Þetta á einkum við um sérstæða orðanotkun í báðum ritum, sem og efnislega þætti, sér í lagi siðferðisboðskap. Föllum yfir helstu þættina í þessu sambandi og rifjum þá um leið upp einstök atriði í orðfæri og boðskap Fyrra Pétursbréfs.

Höfundur Fyrra Pétursbréfs hvetur lesendur sína til að „fylgja ekki“ (μη συζηματιζόμενοι)⁷⁴ fyrra lífernir sem var markað af vanþekkingu þeirra sem

⁶⁷ Óumdeild bréf Páls eru: 1Þess, 1Kor, 2Kor, Gal, Róm, Film, Fil. Önnur bréf í N.t. sem eru eignuð Páli eru umdeild að þessu leyti.

⁶⁸ Um ritunartíma guðspjalla N.t., sjá almennt yfirlit í: Bart D. Ehrman og Hugo Méndez, *The New Testament: A Historical Introduction to the Early Christian Writings*, 8. útg., Oxford: Oxford University Press, 2024. Sjá einnig gagnlega umfjöllun um tengsl samstofna guðspjallanna (Mrk, Matt, Lúk) í: Stanley E. Porter og Bryan R. Dyer (ritstj.), *The Synoptic Problem: Four Views*, Grand Rapids: Baker Academic, 2016.

⁶⁹ Um ritunarstað Mrk, sjá: Adela Yarbro Collins, *Mark: A Commentary*, Hermeneia, Minneapolis: Fortress Press, 2007, bls. 7–10, ásamt frekari tilvísunum. Um Heb, sjá: William L. Lane, „Social Perspectives on Roman Christianity during the Formative Years from Nero to Nerva: Romans, Hebrews, 1 Clement“, *Judaism and Christianity in First-Century Rome*, ritstj. Karl P. Donfried og Peter Richardson, Grand Rapids: Eerdmans, 1998, bls. 196–244, hér 214–224; David M. Moffitt, „The Epistle to the Hebrews“, *The State of New Testament Studies: A Survey of Recent Research*, ritstj. Scot McKnight og Nijay K. Gupta, Grand Rapids: Baker Academic, 2019, bls. 389–406, hér 390–394. Sjá einnig: Peter Lampe, *From Paul to Valentinus: Christians at Rome in the First Two Centuries*, Minneapolis: Fortress Press, 2003, bls. 2, 76–77.

⁷⁰ Þess má geta að höfundur Fyrra Klemensarbréfs, sem var skrifað í Róm um árið 95 e.Kr., þekkti án efa til Rómverjabréfsins; sjá umfjöllun í: Rúnar M. Þorsteinsson, „Fyrri Klemensarbréf“, bls. 37–39.

⁷¹ Sjá gagnlega umfjöllun í: Horrell, „Product of a Petrine Circle?“ Horrell færir sjálfur rök fyrir hinu síðastnefnda. Sjá einnig rannsóknarsögulegt yfirlit í: Dubis, „Research on 1 Peter“, bls. 199–239, hér 209–210.

⁷² Sjá einkum: Elliott, *1 Peter*, bls. 37–40.

⁷³ Þess má geta að Elliott sem hefur sjálfur leitast við að losa 1Pét undan „Pauline bondage“ skrifar í þessu sambandi: „It is possible, if not probable, that the Petrine author was familiar with one or more of Paul’s letters (esp. Romans)“ (*1 Peter*, bls. 37).

⁷⁴ Lýsingarháttinn má lesa sem miðmynd (sbr. NIV: „do not conform to ...“) eða þolmynd (sbr. NRSVUE: „do not be conformed to ...“). Hið sama gildir um í Róm 12.2.

heiðingjar (1.14). Það vekur athygli að Páll notar einmitt þetta orðalag í Rómverjabréfinu 12.2 er hann hvetur (heiðna) lesendur sína til að „fylgja ekki“ (μὴ συσχηματίζεσθε) háttalagi „þessa heims.“ Sögnin συσχηματίζω kemur eingöngu fyrir í Róm 12.2 í Pálsbréfum og hvergi annars staðar í Nýja testamentinu nema í 1Pét 1.14. Sögnin er hvergi notuð í Biblíu „Péturs“, þ.e.a.s. LXX. Það vekur athygli að notkun höfundar á þessari sjaldgæfu sögn skuli líkjast notkun Páls í Róm 12.2 svo náð hvað merkingu og samhengi varðar.

Í þessu sama samhengi Rómverjabréfsins hvetur Páll lesendur sína enn fremur til að bjóða líkama sína fram sem „lifandi fórn“ (θυσίαν ζῶσαν) sem sé bæði „heilög“ (ἁγία) og „þóknanleg Guði“ (εὐάρεστον τῷ θεῷ) (12.1) — Páll á hér við tiltekið líferni sem (samkvæmt honum) væri Guði þóknanlegt.⁷⁵ Síðar í bréfinu (15.16) útskýrir postulinn að slík „fórn“ af hendi heiðinna lesenda sinna myndi uppfylla tilgang hans með prestlegri þjónustu sinni (λειτουργόν) á meðal þeirra, sem er að boða fagnaðarerindi Guðs svo að „fórn heiðingjanna“ (ἡ προσφορά τῶν ἐθνῶν) megi verða Guði „vel þóknanleg“ (εὐπρόσδεκτος) og „helguð af heilögum anda“ (ἡγιασμένη ἐν πνεύματι ἁγίῳ). Líkt og við sáum fyrr í þessari grein æskir höfundur Fyrri Pétursbréfs þess að lesendur hans, sem einnig eru af heiðnum uppruna, verði sem „lifandi steinar“ (λίθοι ζῶντες) sem saman myndi „andlegt hús til heilags prestdóms“ (οἶκος πνευματικὸς εἰς ἱεράτευμα ἁγίων) svo að þeir geti fært fram „andlegar fórnir“ (πνευματικὰς θυσίας),⁷⁶ „Guði þóknanlegar“ (εὐπρόσδεκτους θεῷ) (2.5). Hliðstæður við texta Páls í þessu samhengi eru ljósar. Þetta tiltekna orðalag kemur ekki fyrir annars staðar í Pálsbréfum. Auk þess kemur lýsingarorðið εὐπρόσδεκτος eingöngu fyrir hjá Páli (Róm 15.16, 31; 2Kor 6.2; 8.12) og í 1Pét 2.5 í ritsafni Nýja testamentisins, en það er hvergi notað í Biblíu „Péturs“ (LXX). Í báðum tilfellum (Róm 12.1 og 1Pét 2.5) vísa „fórnir“ viðkomandi fólks (af heiðnum uppruna) til tiltekins lífernis.⁷⁷

Við sjáum einnig nánar hliðstæður, bæði hvað innihald og orðanotkun varðar, í lýsingum ritanna tveggja á því hvað telst vera Guði þóknanlegt líferni. Í báðum ritum eru lesendur hvattir til að sýna gestrisni (τὴν φιλοξενίαν διώκοντες, Róm 12.13; sbr. φιλόξενοι εἰς ἀλλήλους, 1Pét 4.9), til að vera einhuga (τὸ αὐτὸ ... φρονεῖν, 12.16; τὸ αὐτὸ φρονεῖν, 15.5; sbr. ὁμόφρονες, 1Pét 3.8), ásamt því að þjóna hver öðrum með þeirri „náðargjöf“ (χάρισμα) sem hver og einn hefur hlotið (Róm 12.6–7; sbr. 1Pét 4.10–11).⁷⁸ Athygli vekur hliðstætt orðalag í hvatningunni um að gjalda ekki illt með illu (μηδενὶ κακὸν ἀντι κακοῦ ἀποδιδόντες, Róm 12.17; sbr. μὴ ἀποδιδόντες κακὸν ἀντι κακοῦ, 1Pét 3.9).⁷⁹ Báðir höfundar

⁷⁵ Páll lýsir þessu líferni í meginatriðum í textanum sem á eftir fylgir, þ.e.a.s. í 12.3–15.13.

⁷⁶ Í bókstaflegri merkingu vísar orðið θυσία til trúarlegra fórnarathafna, ýmist til þess sem var fórnað í slíkum athöfnum (sbr. t.d. 3Mós 2:1; 1Kor 10.18; Heb 5.1) eða til athafnarinnar sjálfrar (sbr. t.d. 2Mós 12.27; Fil 2.17; Mrk 12.33). Orðið getur hins vegar einnig verið notað í táknrænni merkingu, líkt og í textunum hér fyrir ofan (sbr. einnig t.d. Fil 2.17; 4.18; Heb 13.16). Frekari dæmi má finna í BDAG, u.o. θυσία. Rétt er að geta þess að orðið er algengt í Hebreabréfinu sem hugsanlega var ritað í Róm (sbr. inngang þessarar greinar), en við vitum ekki hvor textinn er eldri, Heb eða 1Pét.

⁷⁷ Sbr. Williams og Horrell, *1 Peter*, 1. bindi, bls. 625.

⁷⁸ Þ.e. ἔχοντες δὲ χάρισμα κατὰ τὴν χάριν τὴν δοθεῖσαν ἡμῖν διάφορα, ... εἴτε διακονίαν ἐν τῇ διακονίᾳ (Róm 12.6–7), sbr. ἕκαστος καθὼς ἔλαβεν χάρισμα εἰς ἑαυτοὺς αὐτὸ διακονοῦντες ... εἴ τις διακονεῖ ... (1Pét 4.10–11).

⁷⁹ Sbr. einnig 1Þess 5.15: ὁρᾶτε μὴ τις κακὸν ἀντι κακοῦ τινὶ ἀποδῇ. Sjá frekari umfjöllun í: Williams og Horrell, *1 Peter*, 2. bindi, bls. 90–92.

leggja enn fremur áherslu á mikilvægi auðmýktar gagnvart öðrum (μη τὰ ὑψηλὰ φρονούντες ἀλλὰ τοῖς ταπεινοῖς συναπαγόμενοι, Róm 12.16; sbr. πάντες ... ταπεινόφρονες, 1Pét 3.8, sbr. 5.5–6), sem og hófsemi í samskiptum (σωφρονεῖν, Róm 12.3; sbr. σωφρονήσατε, 1Pét 4.7).⁸⁰ Enn eftirtektarverðari er krafan um að fólki beri að „blessa“ eða „róma“ ofsækjendur sína (εὐλογεῖτε τοὺς διώκοντας [ὕμᾱς], Róm 12.14; sbr. εὐλογοῦντες [illgjörðarmenn og rógbera], 1Pét 3.9), en slík krafa er afar sjaldgæf í ritum Nýja testamentisins.⁸¹

Markverðasta hliðstæðan er þó án efa afstaðan sem báðir höfundar leggja áherslu á í ritum sínum gagnvart veraldlegum (rómvorskum) yfirvöldum, með hliðstæðu orðalagi (Róm 13.1–7; 1Pét 2.13–17). Þar halda Páll og „Pétur“ m.a. fram *siðferðilegum* rökum fyrir nauðsyn þess og hyggindum að sýna yfirvöldum undirgefni og hlýðni (ὑποτάσσω, Róm 13.1, 5; 1Pét 2.13). Rök beggja höfunda eru á þá leið að veraldleg yfirvöld veiti þeim sem gera illt (τὸ κακόν, ἡ κακία) réttláta refsingu (ἐκδικος/ἐκδίκησις), en hrósi þeim (ἐπαινος) sem gera gott, þ.e. breyta vel (τὸ ἀγαθόν/ἀγαθοποιέω). Þessi afstaða er einstök í ritum Nýja testamentisins. Hafa ber í huga að Fyrri Pétursbréf var (að öllum líkindum) ritað í Róm, þ.e.a.s. þangað sem Rómverjabréf Páls hafði verið sent fáeinum áratugum áður, og að sambærilega hvatningu er hvergi annars staðar að finna í Pálsbréfum.⁸² Á hinn bóginn má finna nánar hliðstæður í Fyrri Klemensarbréfi sem einnig er ritað í Róm (um 95 e.Kr.).⁸³

Í framhaldi af ummælum sínum um hlýðni við veraldleg yfirvöld hvetur Páll lesendur sína í Róm til að gjalda öllum það sem skylt er að gera, þar á meðal „ótta“ (φόβον) þeim sem ótti ber og „virðingu“ (τιμὴν) þeim sem virðing ber (13.7). Á hliðstæðan hátt lýkur „Pétur“ umfjöllun sinni um undirgefni gagnvart rómvorskum yfirvöldum með því að hvetja lesendur sína meðal annars til að „óttast“ (φοβεῖσθε) Guð og „virða“ (τιμᾶτε) keisarann. Það er enn fremur athyglisvert að í þessu sama versni eru lesendur hvattir til að „elsk[a] trúar-samfélagið“ (τὴν ἀδελφότητα ἀγαπᾶτε), því að Páll gerir einmitt hið sama í kjölfar umfjöllunar sinnar í Rómverjabréfinu um veraldleg yfirvöld: „Skuldið engum neitt nema það að elska hvert annað“ (μηδενὶ μηδὲν ὀφείλετε εἰ μὴ τὸ ἀλλήλους ἀγαπᾶν, 13.8).

Það er ljóst að höfundur Fyrri Pétursbréfs á það sammerkt með Páli í Rómverjabréfinu að leggja sérstaka áherslu á *ἀγάπη* sem e.k. höfuðdygd trúar-samfélagsins. Líkt og lesendur Páls eiga ekki að skulda neinum neitt „nema það að elska hver annan“ (13.8), eiga lesendur Fyrri Pétursbréfs „umfram allt“ að „sýna hver öðrum einlægán kærleik“ (4.8). Páll sér enn fremur ástæðu til að undirstrika að kærleikurinn sé „falslaus“ (ἡ ἀγάπη ἀνυπόκριτος, 12.9) og slíkt hið sama gerir „Pétur“ hvað „falslausan bróðurkærleik“ (φιλαδελφίαν ἀνυπόκριτον) varðar (1.22). Líkt og áður hefur komið fram er þessi áhersla á *ἀγάπη* sem megindygd fremur almenn í frumkristnum ritum og gefur því ekki tilefni ein

⁸⁰ Sögnin σωφρονέω er ekki algeng í N.t.: Róm 12.3; 2Kor 5.13; Mrk 5.15; 1Pét 4.7; Tít 2.6; Lúk 8.35.

⁸¹ Hliðstæða kröfu má finna í orðum Jesú í Lúk 6.28 (εὐλογεῖτε τοὺς καταρωμένους ὑμᾶς, þ.e. „blessið/rómið þá sem bölvá ykkur“), sbr. Matt 5.44 (Matteus notar sagnirnar ἀγαπάω og προσεύχομαι). Sjá einnig lýsingu Páls í 1Kor 4.12 (λοιδορούμενοι εὐλογοῦμεν, διωκόμενοι ἀνεχόμεθα, þ.e. „þegar við erum smánaðir blessum/rómum við, þegar við erum ofsóttir þraukum við“).

⁸² Þess má geta að í Tít 3.1 (líklega frá annarri öld) endurómar þessi hvatning.

⁸³ Sjá umfjöllun í: Rúnar M. Þorsteinsson, „Fyrri Klemensarbréf“, bls. 39.

og sér til að draga ályktanir um samband á milli einstakra rita en þegar hún helst í hendur við þær nánur hliðstæður sem hér hafa verið nefndar (fleiri dæmi mætti auk þess nefna)⁸⁴ má telja líklegt að sambandið á milli ritanna tveggja sé þess eðlis að annað ritið hafi að einhverju leyti verið byggt á hinu, þ.e.a.s. að höfundur Fyrra Pétursbréfs hafi nýtt Rómverjabréf Páls sem heimild og fyrirmynd. Sú niðurstaða þarf ekki að merkja að höfundurinn hafi haft eintak af Rómverjabréfinu sér við hlið, heldur getur það einungis falið í sér að hann hafi þekkt vel til innihalds bréfsins. Í ljósi þess hversu nánar hliðstæðurnar eru hvað orðalag varðar tel ég þó líklegra en hitt að „Pétur“ hafi beinlínis haft aðgang að bréfi Páls. Ef þeirri niðurstöðu er fylgt má draga þá ályktun að siðfræði Fyrra Pétursbréfs sé að verulegu leyti mótuð af siðfræði Páls í Rómverjabréfinu.

Lokaorð

Í þessari grein var fjallað um siðfræðilegar áherslur og forsendur Fyrra Pétursbréfs. Í kjölfar almennrar umfjöllunar um sögulegt samhengi bréfsins var gefið yfirlit yfir siðfræðilegar áherslur höfundar. Enn fremur var fjallað um víðara félagslegt samhengi þeirra siðferðilegu krafna sem höfundur Fyrra Pétursbréfs setur fram. Að endingu var athyglinni beint að spurningunni um helstu heimildir og áhrifavalda höfundar í siðfræðilegu tilliti.

Almennar niðurstöður eru þær að höfundur Fyrra Pétursbréfs kynni *ἀγάπη* (kærleik) sem e.k. höfuðdygð kristinna; að einvörðungu sé krafist *ἀγάπη* gagnvart öðrum kristnum (þ.e.a.s. að litið sé á *ἀγάπη* sem e.k. „innan húss-dygð“), en að þess sé krafist að lesendur bréfsins hagi sér jafnframt almennt sómasamlega; og að Rómverjabréf Páls postula hafi verið helsta heimild höfundar í siðfræðilegum efnum. Að því leyti má segja að Fyrra Pétursbréf standi innan pálshefðar í frumkristni.

⁸⁴ Sjá: Horrell, „Product of a Petrine Circle?“ bls. 29–60, hér 32–38; Williams og Horrell, *1 Peter*, 1. bindi, bls. 66–72.